

Fimma (4 ára)



Höfundur : Sarah Dearne

Helstu mál á peysu




Yfirvídd : 68 cm / 26,8"
Ermar lengd : 28 cm / 11,0"
Bolur lengd : 26 cm / 10,2"

Lýsing :


Lopapeysa fyrir 4 ára barn. Litur 1 (gulur): 4 dokkur, litur 2 (hvítur): 1 dokka, litur 3 (bleik samkamba): 1 dokka, litur 4 (ljósrauð samkamba): 1 dokka, litur 5 (sauðsvartur): 1 dokka.

ISTEX - Léttlopi			
	Nr.	Heiti líts	Áætlað magn
1	9264	gulur	303 metrar. *
2	0051	hvítur	25 metrar. *
3	1412	bleik samkemba	18 metrar. *
4	1408	ljósrauð samkemba	34 metrar. *
5	0052	sauðsvartur	19 metrar. *


* Reiknuð áætlun




-  = Engin lykkja
-  = Úrtaka til hægri
-  = Úrtaka til vinstri

Munstur axlir



Munstur ermum og bol





Aðferðir og tækni :

Peysan er prjónuð neðan frá og upp. Fyrst er búkur prjónaður upp að handvegi og ermar sömuleiðis. Þá eru lykkjur fyrir handveg settar upp á band eða lykkjuhaldara og stykkinn þrjú sameinuð á einn prjón. Axlastykkið er unnið í einu lagi og mótað með einföldum úrtökum.

Aukið út við stroff (aukið út í brugðnum lykkjum): lyftið bandinu úr síðustu umferð upp á prjóninn, prjónið það brugðið og prjónið því næst lykkjuna sjálfa brugðið.

Bolur :

Fitjið upp með litnr. 9264 gulur 117 lykkjur á hringprjón nr. 3.5 mm / 4 US. Tengið saman í hring og prjónið stroff 3 cm / 1,2". Skiptið yfir á hringprjón nr. 4.5 mm / 7 US. Prjónið 1 umferð slétt, aukið jafnframt út um 3 lykkjur með jöfnu millibili (120 lykkjur). Prjónið munstur bol. Þegar því er lokið ætti allur bolurinn mælast 26 cm / 10,2", prjónið ekki síðustu 3 lykkjur af síðustu umferð. Slítið ekki frá, geymið bolinn og prjónið ermar.

Ermur :

Fitjið upp með litnr. 9264 gulur, á sokkprjóna nr. 3.5 mm / 4 US , 32 lykkjur. Tengið í hring og prjónið stroff, 1 slétta, 1 brugna, þar til mælist 3 cm / 1,2" frá upffit. Prjónið nú allar lykkjur slétt. Skiptið yfir á prjóna nr. 4.5 mm / 7 US. Prjónið munstur ermar. Aukið í neðan á ermi, fyrir síðustu lykkju umferðar og eftir fyrstu lykkju umferðar í 8. hverri umferð alls 6 sinnum, einnig inn í munstri. Prjónið þar til ermi mælist 28 cm / 11,0". Þá á ermin að vera 44 lykkjur. Setjið 6 lykkjur á miðri undirermi á aukaband/lykkjuhaldara.

Axlastykki:

Setjið 6 lykkjur í miðjum vinstri handvegi á bol á aukaband/lykkjuhaldara. Látið lykkjur á aukabandi á ermi og bol snúa saman og prjónið ermalykkjur yfir á sama prjón og bolur er á. Haldið áfram og prjónið lykkjur á framstykki. Setjið 6 lykkjur í miðjum hægri handvegi á bol á aukaband/lykkjuhaldara. Látið lykkjur á aukabandi á ermi og bol snúa saman og prjónið ermalykkjur yfir á sama prjón og bolur er á. Prjónið munstur Axlir. Í lok axlamunsturs ættu 69 lykkjur að vera á prjóninum. Haltu áfram að prjóna með litnr. 9264 gulur. Í næstu umferð eru gerðar 7 úrtökur, prjónið 2 saman, dreift jafnt yfir umferðina (62 L). Prjónið stroff, 1 slétt, 1 brugðin, 7 cm / 2,8" .

Frágangur :

Gangið vel frá öllum lausum endum og lykkjið saman undir höndum. Brjótið háslíningu til helminga og saumið laust niður á röngu.